

Verkefnisáætlun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Skrifstofa: Skrifstofa mennta- og vísindamála	Málsnúmer: MMR19050210
Heiti verkefnis: Stefna Vísinda- og tækniráðs 2020-2022	
Dagsetningar Upphaf verkefnis: 28/05/2019 Áætluð lok verkefnis: 29/05/2020 Enda dagsetning *: Verkefni lokið 20/06/2020 Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft	Núverandi staða verkefnis <input checked="" type="radio"/> Í vinnslu <input type="radio"/> Í bið <input type="radio"/> Lokið <input type="radio"/> Hætt við verkefni
Markmið og lýsing verkefnis Markmið verkefnis Tilurð verkefnisins : Skv. lögum um Vísinda- og tækniráð setur ráðið stefnu til þriggja ára. Núverandi stefnuskjöl renna sitt skeið á þessu ári. Samfélagsmarkmið : Að ný stefna Vísinda - og tækniráðs endurspegli áherslur samfélagsins í vísindum - tækni og nýsköpun til næstu ára. Verkefnismarkmið : Að stefnuskjal og aðgerðaáætlun sé í samræmi við þau gæði sem eigandi verkefnisins leggur upp með, hafi skýr og skilgreind markmið og aðgerðir sem eru kostnaðarmetnar og ábyrgðarsettar. Lýsing verkefnis Verkefnið felst í að undirbúa nýja stefnu Vísinda og tækniráðs sem tekur við af núverandi stefnu 2017-2019. Verkefninu er formlega hleypt af stað með fundi Vísinda - og tækniráðs 20. júní 2019 þar sem áherslur stjórn mála munu koma fram. Í framhaldi verður unnið að hugmyndavinnu í starfsnefndum ráðsins, með samstarfshópi um málefni Vísinda- og tækniráðs og í samráði við skilgreinda hagsmunaaðila. Eldri stefnuskjöl verða höfð til hliðsjónar og árangur af aðgerðum. Leitast verði við að dreifa ábyrgð á framkvæmd aðgerða en eftirfylgni þeirra verður á vegum forsætisráðherra. Undirbúningur að stefnu verður á dagskrá ráðsfunda í september og nóvember á þessu ári, sjá að öðru leyti verk- og tímaáætlun. Auk eldri stefnuskjala og greininga sem unnar hafa verið fyrir ráðið á undanförunum árum sjá hér : https://www.stjornarradid.is/verkefni/visindi-nyskopun-og-rannsoknir/visinda-og-taeknirad/utgefid-efni/ eru eftirfarandi gögn höfð til hliðsjónar: <ul style="list-style-type: none">• Samantekt um opið samráð vegna skilgreiningar á samfélagslegum áskorunum sem kynnt var á fundi starfsnefnda Vísinda - og tækniráðs í október 2018. Minnisblað um samfélagslegar áskoranir sem samþykkt var á fundi ráðsins 23. nóv. 2018.• Skýrsla nefndar forsætisráðherra um Ísland og fjórðu iðnbyltinguna (febrúar 2019) https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=03be6340-3bfc-11e9-9436-005056bc4d74• Skýrslur norrænu ráðherranefndarinnar svo sem Kreutzer skýrslan frá 2018 um stuðningskerfi nýsköpunar og græns vaxtar á Norðurlöndum: https://www.norden.org/en/publication/integrated-and-effective-nordic-ecosystem-innovation-and-green-growth• Nýsköpunarstefna (verður tilbúin sumarið 2019)• Menntastefna til 2030 (verður tilbúin haustið 2019)• Skýrsla verkefnishóps forsætisráðherra um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs (verður tilbúin í september 2019)	

- Grænbók um fjármögnun háskóla (verður tilbúin haustið 2019)
- Úttekt Daða Más Kristóferssonar um framlag til rannsókna og nýsköpunar eftir landshlutum 2014-2018
- Tillögur starfshóps um opin vísindi (verða tilbúna haustið 2019)
- Úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi (verður tilbúin haustið 2019)

Afurð verkefnisins er stefnuskjal og aðgerðaáætlun 2020-2022. Aðgerðaáætlun sýni kostnaðarmetnar og ábyrgðarsettar aðgerðir sem auðvelt er að fylgja eftir . Staða aðgerðaáætlunar verður sýnd reglulega á vef ráðsins á næstu árum .

Verkefnishópur <u>Hlutverk í verkefni</u>	<u>Nafn</u>
Verkefniseigandi	Forsætisráðuneyti fyrir hönd formanns Vísinda og tækniráðs
Verkefnisstjóri:	Steinunn Halldórsdóttir er tengiliður verkefnisins í mennta- og menningarmálaráðuneyti
Bakhjarl:	Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis.
Þátttakendur:	Ragnhildur Helgadóttir formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs
Þátttakendur:	Ragnheiður H. Magnúsdóttir formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs
Þátttakendur:	meðlimir vísindanefndar
Þátttakendur:	meðlimir tækninefndar
Þátttakendur:	Fulltrúar ráðuneyta í samstarfshópi um málefni Vísinda- og tækniráðs hafa aðkomu að gerð stefnuskjalsins
<p>Tímaáætlun , áfangaskipting</p> <p>Undirbúningur að stefnu rædd á fundum starfsnefnda í lok maí 2019.</p> <p>Verkefnið sett formlega af stað með umræðu um áherslur stjórnmalanna á fundi ráðsins 20. júní 2019.</p> <p>Ágúst- september - hugmyndavinna í starfsnefndum. Hagsmunaaðilagreining. Áhættugreining. Verkefnisáætlun uppfærð af verkefnishópi.</p> <p>Kynning á stöðu vinnu á ráðsfundi 20. september 2019.</p> <p>Kynning á stöðu vinnu á ráðsfundi 22. nóvember 2019.</p> <p>Janúar 2020 tilboða leitað í uppsetningu efnis á vef og þýðingu.</p> <p>Lok janúar 2020 endanleg drög liggja fyrir.</p> <p>Lok janúar 2020 áætlun um miðlun stefnu og aðgerðaáætlunar undirbúin.</p> <p>Febrúar 2020 stefna og aðgerðaáætlun sett upp á rafrænt form og þýdd á ensku.</p> <p>Mars 2020 Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda - og tækniráðs lögð fram og samþykkt á ráðsfundi.</p> <p>Mars 2020 Stefnuskjöl sett á vef ráðsins, bæði á íslensku og ensku.</p> <p>Mars- júní 2020 miðlun stefnuskjala til almennings og hagsmunaaðila.</p>	

Kostnaðaráætlun Kostnaðarliður	Upphæð
Pýðing stefnuskjals á ensku	300.000,00 krónur
Framsetning efnis á vef	500.000,00 krónur
Miðlun stefnuskjala- gerð kynningarefnis ofl	100.000,00 krónur
Mögulegur ráðgjafi við opinbera stefnumótun/- áætluð upphæð liggur ekki fyrir.	0,00 krónur
Samtals:	900.000,00 krónur
Aðrar athugasemdir og leiðbeiningar	
.	
Mat við lok verkefnis	
Stefnuskjöl uppfylla gæðakröfur sem gerðar voru í upphafi, aðgerðir eru skýrar og er auðvelt að fylgja eftir.	